



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### **Efni tillögu: Breytingar á þjónustuskálum Austurmiðstöðvar**

Lagt er til að velferðarráð samþykki að sameina þjónustuskála Austurmiðstöðvar frá 15. júlí 2022 í einn þjónustuskála að Gylfaflöt í Grafarvogi. Í dag eru staðbundnir þjónustuskálar annarsvegar í Gylfaflöt 5 og hinsvegar í Hraunbæ 115. Tillagan hefur ekki í för með kostnaðarauka fyrir velferðarsvið.

### **Greinargerð:**

Lagt er til að hafa einn staðbundinn þjónustuskála velferðarsviðs fyrir austurhverfin, þ.e. Grafarvog, Árbæ, Norðlingaholt, Grafarholt og Úlfarsárdal að Gylfaflöt 5 í Grafarvogi. Ástæðan er annarsvegar stóraukin þjónusta í gegnum rafræna miðstöð velferðarsviðs en um 85 % af allri fjárhagsaðstoð fer í gegnum miðstöðina og sameining þjónustumiðstöðva í austurhluta borgarinnar.

Þann 1. janúar 2022 sameinuðust þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness (Miðgarður), í eina þjónustumiðstöð sem nýlega hlaut nafnið Austurmiðstöð. Skrifstofur Austurmiðstöðvar eru enn í þremur húsum þ.e. Hraunbæ 119, þar sem deild eldra fólks er, Hraunbæ 115 þar sem deildir virkni og ráðgjafar og fatlaðs fólks eru og Gylfaflöt 5 þar sem deild barna og fjölskyldna er. Þjónustuskálar þar sem tekið er á móti notendum þjónustu eru í Hraunbæ 115 og Gylfaflöt 5.

Eftir markaðskönnun var nýlega ákveðið að framtíðarhúsnæði Austurmiðstöðvar verði í Dvergshöfða 4. Um er að ræða nýbyggingu sem gæti tekið allt að 2-3 ár að fullklára. Stefnt er að því að leigja neðri hæðina í Gylfaflöt 5 frá 1. janúar 2023 og þar með losa húsnæðið í Hraunbæ 115. Þetta mun gera að verkum að hægt verður að samþætta þjónustuna betur og um leið væri einungis einn þjónustuskáli. Deild eldra fólks, sem hefur umsjón með heimahjúkrun og heimastuðningi verður þó enn staðsett í Hraunbæ 119, þangað til hægt verður að flytja í Dvergshöfða 4.

Það hefur verið áskorun að reka skrifstofurnar á þessum þremur stöðum þrátt fyrir að starfsfólk sé allt af vilja gert, til að vinna að lausnum í stöðunni. Deildirnar hafa ekki náð þeirri nánd sem nauðsynleg er til að efla samþættingu þvert á deildir. Ennfremur hefur verið mjög mikil áskorun að halda úti tveimur opnum þjónustuskálum, þ.e. í Hraunbæ 115 og Gylfaflöt 5. Framundan eru sumarleyfi starfsmanna sem gerir enn flóknara að ná að manna skálana.

Í ljósi þessarar stöðu er talið nauðsynlegt að sameina þjónustuskálana fyrir Austurmiðstöð í Gylfaflöt 5, þar sem stutt er í að deild virkni og ráðgjafar og deild fatlaðs fólks flytji þangað í byrjun árs 2023.

Helstu áskoranirnar við að hafa einungis þjónustuskála í Gylfaflöt 5 er að almenningssamgöngur úr öllum hverfishlutum eru ekki nógu góðar. Hægt er að breyta lítillega leið 18 þannig að íbúar Grafarholts og Úlfarsárdals og ytri hverfishluta Grafarvogs, væri gert kleift að komast með almenningssamgöngum mjög nálægt. Hafnar eru viðræður við Strætó bs vegna þeirra breytinga. Áfram væri þó þörf á tveimur vögnum úr Norðlingaholti og fyrir stóran hluta Árbæjar. Framtíðarhúsnæði Austurmiðstöðvar í Dvergshöfða 4, er í kjörstaðsetningu þegar tekið er tillit til auðvelds aðgengis úr öllum hverfishlutum. Þangað til miðstöðin kemst í það húsnæði er nauðsynlegt að huga vel að því hvernig hægt er að koma til móts við þá notendur sem eiga erfitt með að fara á milli. Til viðbótar við rafræna þjónustu, símaviðtöl og fjarviðtöl þurfa ráðgjafar að vera mjög hreyfanlegir og taka viðtöl þar sem notendur óska, á heimilum þeirra eða á öðrum stöðum í nærumhverfinu.